



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar*

Reykjavíkurborg útbýr og skilar inn húsnæðisáætlun til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) á hverju ári. Húsnæðisáætlunum er ætlað að draga fram mynd af því hver staða húsnæðismála er í hverju sveitarfélagi fyrir sig, greina framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum og setja fram áætlun um hvernig sveitarfélagið ætlar að mæta húsnæðisþörf heimila, bæði til skemmri og lengri tíma.

Velferðarsvið hefur tekið saman upplýsingar um biðlista eftir þjónustupáttum auk þess að taka saman upplýsingar um fjölda félagslegs leiguhúsnæðis eftir þjónustupáttum.

Félagslegt leiguhúsnæði velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem er úthlutað eftir reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði

ÞJÓNUSTUPÁTTUR - staða 31.12.2023	FJÖLDI ÍBÚÐA	BIÐLISTI
Þjónustuíbúðir aldraða	364	80
Almennt félagslegt leiguhúsnæði	2.192	691
Húsnæði fyrir fatlað fólk*	522	163
Húsnæði fyrir heimilislaua með miklar og flóknar þjónustuparfir	74	81

*Viðbót við tölur Félagsbústaða eru eignir í eigu þriðja aðila s.s. Ás styrktarfélag, Þroskahjálp, Brynju og einkaaðilar.

Nýjar umsóknir (milliflutningar eru ekki taldir með).

Jafnframt er gerð áætlun um fjölgun félagslegs leiguhúsnæðis út frá samþykktum Reykjavíkurborgar. Varðandi þjónustuíbúðir þá liggja ekki fyrir formlegar samþykktir um fjölgun. En fyrir liggja samþykktir um kaup á félagslegum leiguíbúðum, um 50 íbúðir á árinu 2025 og 75 næstu árin þar á eftir. Þessi kaup deilast niður á almennt félagslegt leiguhúsnæði, húsnæði fyrir fatlað fólk og húsnæði fyrir heimilislaua. Samþykkt var aðgerðaráætlun í málefnum heimilislaua í janúar 2025 og er í henni gert ráð fyrir fjölgun um 106 íbúðareiningar. Í neðangreindri töflu sést hvernig reiknað er með að fjölgunin verði eftir þjónustupáttum.





Velferðarsvið Reykjavíkurborgar vinnur eftir eftirfarandi samþykktum varðandi uppbyggingu á félagslegu leiguhúsnæði:

ÞJÓNUSTUÞÁTTUR ****	FJÖLDI ÍBÚÐA / ÁR	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2026	31.12.2027	31.12.2028	31.12.2029	31.12.2030
Þjónustuíbúðir aldraðra *		364	362	362	362	362	362	362	362
Almennt félagslegt leiguhúsnæði **		2.192	2.220	2.248	2.301	2.354	2.406	2.471	2.536
Húsnæði fyrir fatlað fólk ***		522	537	547	571	593	621	649	677
Húsnæði fyrir heimilislauslausa með miklar og flóknar þjónustuparfir ****		74	74	92	135	153	174	174	174

*Ekki liggja fyrir formlegar samþykktir um fjölgun þjónustuíbúða fyrir aldraða hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

**Stefnt er á fjölgun félagslegra leiguíbúða sé 5 % af byggðum íbúðum í Reykjavík. En árið 2025 er stefnt á kaup á 50 íbúðum sbr. VEL25010021

***Það liggur fyrir samþykkt um uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk til ársins 2030

**** Aðgerðaráætlun VEL í málefnum heimilislausra samþykkt í Borgarstjórn í j

an 2025

**** Áætlanir verða endurskoðaðar árlega